

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 78/2014**

2014/EES/73/25

frá 22. nóvember 2013

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar tilteknar kornvörur sem valda ofnæmi eða óþoli og matvæli með viðbættum plöntusterólum, plöntusterólestrum, plöntustanólum eða plöntustanólestrum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 er tekin saman skrá yfir efni eða vörur sem valda ofnæmi eða óþoli. Í 1. lið II. viðauka eru m.a. tilgreind „taumhveiti“ (*kamut*) og „spelt“. Hins vegar er „kamut“ skráð vörumerki hveititegundar sem er þekkt undir heitinu „taumhveiti“ (e. *khurasan wheat*) og spelt er einnig hveititegund. „Taumhveiti“ og „spelt“ ættu því að vera tilgreind sem hveititegundir í 1. lið þess viðauka.

2) Í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 er tekin saman skrá yfir matvæli sem skulu merkt þannig að viðbótarupplýsingar, eitt atriði eða fleiri, komi þar fram. Í lið 5.1 í þeim viðauka er kveðið á um að merking á matvælum eða innihaldsefnum matvæla með viðbættum plöntusterólum, plöntusterólestrum, plöntustanólum eða plöntustanólestrum verði m.a. að innihalda yfirlýsingu um að matvælin séu einungis fyrir fólk sem vill minnka kólesterólmagn í blóði.

3) Þessi yfirlýsing ásamt heilsufullrýðingum sem hafa verið leyfðar fyrir þessi matvæli eða innihaldsefni matvæla gæti hugsanlega haft í för með sér að neytendur, sem þurfa ekki að hafa stjórn á kólesterólmagni í blóði, noti framleiðsluvöruna og því ætti að breyta henni. Slík breyting ætti að endurspegla orðalagið í yfirlýsingunni sem er sem stendur kveðið á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004<sup>(2)</sup>. Sú reglugerð verður felld úr gildi og í stað hennar kemur reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 frá og með 13. desember 2014.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr:

Í stað inngangsmálsliðar 1. liðar II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 komi eftirfarandi:

„1. Kornvörur sem innihalda glúten, þ.e.: hveiti (s.s. spelt og taumhveiti), rúgur, bygg, hafrar eða blendingar þeirra, og afurðir úr þeim, nema.“

2. gr:

Í stað 3. liðar í öðrum dálki í lið 5.1 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 komi eftirfarandi:

„3) Yfirlýsing um að framleiðsluvaran sé ekki ætluð fyrir fólk sem þarf ekki að hafa stjórn á kólesterólmagni í blóði.“

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 27, 30.1.2014, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18.

(<sup>2</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 frá 31. mars 2004 um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanólum og/eða jurtastanólestrum (Stjtið. ESB L 97, 1.4.2004, bls. 44).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---